

# Skólanámskrá Flúðaskóla

2023 - 2024




**Efnisyfirlit**

1	Skólinn .....	3
1.1	Skipurit Flúðaskóla .....	3
1.2	Símaskrá – skóli .....	3
1.3	Lög og reglugerðir .....	3
2	Saga og sérkenni Flúðaskóla .....	4
3	Sýn Flúðaskóla .....	4
3.1	Heilsueflandi skóli .....	5
3.2	Orð af orði .....	5
3.3	Lestur.....	5
3.4	Leiklist.....	5
3.5	Útikennsla.....	5
3.6	Snillismiðja og nýsköpun .....	6
3.7	Frímínútnafjör .....	6
4	Sjálfsmat í Flúðaskóla 2022 – 2025 .....	7
4.1	Matstæki .....	7
4.2	Sjálfsmatsáætlun .....	9
5	Grunnþættir menntunar í Flúðaskóla.....	12
5.1	Heilbrigði og velferð .....	12
5.2	Sköpun.....	13
5.3	Jafnrétti .....	13
5.4	Læsi.....	14
5.5	Sjálfbærni .....	15
5.6	Lýðræði og mannréttindi.....	15
6	Nemendur.....	16
6.1	Ábyrgð og réttur nemenda.....	16
6.1.1	Heimanám.....	16
6.1.2	Mötuneyti skólans .....	16
6.2	Móttaka nýrra nemenda .....	17
6.2.1	Samstarf Flúðaskóla og Leikskólans Undralands .....	17
6.2.2	Móttaka nemenda úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi.....	17
6.2.3	Nýnemar frá öðrum skólum.....	17
6.2.4	Móttaka nýs starfsfólks.....	18
7	Forráðamenn .....	18
7.1	Ábyrgð og réttur forráðamanna.....	18
7.1.1	Leyfi / veikindi nemenda.....	18
8	Skólareglur Flúðaskóla .....	19
8.1	Reglur og viðurlög .....	19
9	Félagsstarf.....	23
9.1	Félagslíf nemenda .....	23
9.1.1	Nemendaráð .....	23
9.1.2	Árshátíðarnefnd .....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
9.1.3	Verslunarráð .....	23
9.2	Ferðalög nemenda .....	23
9.3	Skemmtanir á vegum skólans.....	24
9.4	Danskennsla .....	25

10	Nemendavernd.....	25
10.1	Nemendaverndarráð .....	25
10.2	Heilsugæsla.....	25
10.3	Slys í skólanum.....	27
10.4	Umhverfi og slysavarnir.....	28
10.5	Vanræksla á nemendum.....	28
10.6	Áföll.....	28
10.7	Áætlun gegn einelti .....	29
10.7.1	Skilgreining á einelti .....	29
10.7.2	Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti .....	30
10.7.3	Viðbragðsáætlun.....	31
11	Stuðningsbraut .....	32
11.1	Hlutverk og markmið .....	32
11.2	Nemendur með sérþarfir.....	33
11.3	Nýbúakennsla og tvítyngd börn.....	34
12	Námsmat .....	34
12.1	Vitnisburður.....	35
12.2	Lokaeinkunn í 10. bekk .....	35
12.3	Útskrift hraðferð.....	35
12.4	Námsmat í lestri.....	36
12.5	Samræmd könnunarpróf .....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
12.6	Verklegar greinar .....	37
12.7	Val og valgreinar í 8. – 10. bekk.....	37
13	Samstarf.....	37
13.1	Samstarf heimila og skóla.....	37
13.2	Heimasíða / Facebooksíða.....	37
13.3	Skólanámskrá.....	38
13.4	Viðtalstímar .....	38
13.5	Haustkynningarfundur.....	38
13.6	Foreldrafulltrúar .....	38
13.7	Skólafærninámskeið .....	38
13.8	Skólanefnd .....	38
13.9	Skólaráð .....	39
13.10	Foreldrafélag.....	39
13.11	Samstarf við nágrannaskólana.....	39
13.12	Samstarf við aðila utan skólans .....	39
13.13	Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða.....	39
13.14	Námsráðgjafi.....	40
14	Jafnréttisáætlun Flúðaskóla 2021 – 2024.....	40

# 1 Skólinn

## 1.1 Skipurit Flúðaskóla



## 1.2 Símaskrá – skóli

Flúðaskóli	480 6610
Skólastjóri	480 6612
Aðstoðarskólastjóri	480 6611
Kennarastofa	480 6613
Deildarstj. stuðningsbr.	480 6615
Mötuneyti	480 6619
Bókasafn	486 6708
Skólasel	480 6618
Íþróttahús	480 6605
Sundlaug	480 6625

## 1.3 Lög og reglugerðir

Framfylgja ber skólahaldi á Íslandi samkvæmt lögum og reglugerðum. Hér má helst telja: Lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnendur grunnskóla nr. 72/1996, Reglugerð um skólareglur nr. 270/2000, Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011, Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og

nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og aðalnámskrá grunnskóla. Þessi lög og reglugerðir má nálgast á slóðinni <http://www.althingi.is>. Aðalnámskrá má finna á vef menntamálastofnunar og á vef stjórnarráðsins <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0> Starfsreglur Foreldrafélags Flúðaskóla má nálgast á heimasíðu skólans.

## 2 Saga og sérkenni Flúðaskóla

Flúðaskóli er einsetinn dreifbýlisskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn er safnskóli fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk úr Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skólinn var í upphafi staðsettur í landi Hellisholta vegna jarðhitans þar. Flúðaskóli var einn af fyrstu heimavistarskólum landsins, stofnaður 1929. Nafnið Flúðir er dregið af tilkomumiklum flúðum sem voru í Hellisholtalæknum í nánd við skólahúsnæðið. Þessar flúðir eru nú horfnar. Árið 1964 var hafist handa við að byggja núverandi húsnæði eftir teikningu Skúla Norðdahl og var því lokið 1968. Heimavist var í skólanum um 60 ára skeið en nú eru þar kennslustofur og starfsaðstaða kennara. Þéttbýliskjarninn Flúðir hefur myndast í kringum skólann, þar sem atvinnulíf hefur dafnað einkum og sér í lagi vegna mikils jarðhita. Margar náttúruperlur eru í nágrenni skólans og leggur skólinn áherslu á að nýta sér þá staði til náttúruskoðunar og gönguferða.

Á Flúðum voru ýmsir dýrgripir Landsbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns geymdir í heimstýrjöldinni síðari ef ske kynni að loftárás yrði gerð á Reykjavík.

Einkunnarorð skólans eru Virðing – Vitneskja og leggur starfsfólk skólans metnað sinn í að framfylgja þeim.

Flúðaskóli leggur áherslu á útikennslu og tengsl við samfélagið. Útikennslustofa er í grenndarskógi skólans sem er Kvenfélagsskógurinn við Hellisholtalæk.

Skólinn er formlegur þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi skóli“ en markmið verkefnisins er meðal annars að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks.

Tónlistarskóli Árnesinga og Tónsmiðja Suðurlands eru með tónlistarkennslu á Flúðum í samstarfi við skólann. Nemendur eiga þess kost að stunda tónlistarnám á skólatíma. Íþróttahús var tekið í notkun í ársbyrjun 1993, og það tvöfaldað að stærð árið 2015. Sundlaug er nálægt skólanum og hafa nemendur fengið reglubundna sundkennslu frá árinu 1949.

## 3 Sýn Flúðaskóla

Skólinn vill í góðu samstarfi við foreldra, stuðla að því að nemendur nái árangri í námi á öllum skólastigum. Einkunnarorð skólans eru „Virðing – vitneskja“ og er leitast við að hafa þau að leiðarljósi í allri vinnu og samskiptum. Áhersla er lögð á að hver og einn þroski hæfileika sína á eigin forsendum. Í Flúðaskóla er unnið að heilbrigðum lífsháttum í sátt við náttúru og umhverfi.

### 3.1 Heilsueflandi skóli

Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Landlæknisembættisins „Heilsueflandi grunnskóli“. Verkefnið er mjög víðtækt og snertir marga þætti, svo sem andlega, líkamlega, öryggismál o. fl. Hægt er að leita sér frekari upplýsinga um verkefnið á heimasíðu [Landlæknisembættisins](#).

### 3.2 Orð af orði

Orð af orði – lestur til náms, er þróunarverkefni fyrir grunnskóla. Meginmarkmið Orðs af orði er að efla orðaforða, lesskilning og námsárangur nemenda í grunnskóla. Það er gert með því að efla málumhverfið í skólanum, kenna nemendum markvissar aðferðir til að sundurgreina texta og orð, hugtakagreina, tengja saman lykilatriði, kortleggja aðalatriði og endurbirta námsefni og orð á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á samvinnu og samvirkar kennsluaðferðir.

Kennarar læra aðferðir og kenna nemendum þær stig af stigi, þróa þær í takt við aðstæður, allt þar til nemendur geta notað aðferðirnar sjálfstætt.

### 3.3 Lestur

Í Flúðaskóla er mikil áhersla lögð á lestur, lesskilning og hverskonar orðaforðavinnu. Nemendur á öllum stigum skólans lesa heima og í skóla. En til að ná sem bestum árangri verður þetta að vera samvinnuverkefni heimila og skóla. Nemendur setja sér markmið um ákveðinn leshraða og settar eru fram leiðir um hvernig skuli ná þeim. Sameiginlega læsisstefnu Flúðaskóla og Undralands má finna á heimasíðu skólans.

### 3.4 Leiklist

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur meðal annars fram að í leiklist fái nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform.

Í Flúðaskóla er mikil áhersla lögð á leiklist og árlega eru settar upp veglegar árshátíðir, annars vegar hjá 1. – 7. bekk og hins vegar 8. – 10. bekk, þar sem nemendur njóta sín í ólíkum hlutverkum.

### 3.5 Útikennsla

Útikennsla er heildstæð og skilvirk kennsluaðferð þar sem nám er fært út fyrir vegg skólans. Aðferðin gerir nemendum kleift að takast á við námsefni á fjölbreyttan, skemmtilegan og óhefðbundinn hátt. Útikennsluna má samþætta við allar

námsgreinar skólans sem eykur fjölbreytni í kennslu, dýpkar skilning nemenda á námsefni sínu og brýtur upp hefðbundið kennsluform.

Nemendur þjálfast í að fara út fyrir hefðbundinn hugsunarramma og takast á við áþreifanleg verkefni undir berum himni.

### **3.6 Snillismiðja og nýsköpun**

Í snillismiðju fer fram vinna sem byggir á hæfni 21. aldar; þrautseigju, samvinnu, nýsköpun, skapandi og gagnrýnni hugsun o.s.frv. Lögð er áhersla á að kynna fyrir nemendum ýmsar hliðar tækninnar og hvernig hún getur nýst í skapandi starfi með nýsköpun og frumkvæði að leiðarljósi.

Í nýsköpun læra nemendur vinnubrögð sem gerir þá hæfari til að móta umhverfi sitt, tileinka sér aðferðir, læra að greina þarfir og lausnir, vinna afurðir úr lausnum og prófa þær.

### **3.7 Frímínútnafjör**

Mikilvægt er að hvetja nemendur til þátttöku með fjölbreyttri afþreyingu í frímínútum og skapa þannig betri bekkjaranda. Í fyrsta til sjöunda bekk hafa allir bekkir það hlutverk, á einhverjum tíma yfir veturinn, að skipuleggja leiki sem í boði eru í frímínútum. Þrjá morgna í viku eru tækjalausar frímínútur í skólanum. Á unglingastigi er skipulögð dagskrá í íþróttahúsi einar morgunfrímínútur og nemendur hafa aðgang að spilum og afþreyingu í skólanum. Markmiðið er að allir finni eitthvað við sitt hæfi og efla færni sína í samskiptum án snjalltækja.

### **3.8 Varða**

Vörðunni er ætlað að vera þverfaglegt kennsluform þar sem unnið er í lotum með ýmsum hætti. Að lokinni hverri Vörðu eru skil og á undan hverri nýrri Vörðu er leikjadagur unglunga. Varðan leggur áherslu á list- og verkgreinar, upplýsinga og tæknimennt, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, íslensku og lífsleikni.

### **3.9 Smiðjur**

Í samstarfi við nágrannaskólana, Reykholtsskóla, Bláskógaskóla á Laugarvatni, Kerhólsskóla og Þjórsárskóla eru haldnar smiðjur fyrir nemendur á bæði miðstigi og unglingastigi. Smiðjurnar eru fjórum sinnum yfir skólaárið. Með því að hafa sameiginlegar smiðjur er hægt að auka verulega fjölbreytni valgreina. Með sameiginlegum smiðjum eykst samgangur, viðkyrning og samvera nemenda í uppsveitum Árnessýslu þannig að félagslegur ávinningur er óumdeildur. Auk þess

felst í þessu endurmenntunarávinningur fyrir starfsfólk skólanna og samgangur og samvera þeirra eykst.

### 3.10 Skákkennsla

Frá árinu 2008 hefur Halldórsmótið verið haldið til minningar um Halldór Gestsson fyrrverandi húsvörð í Flúðaskóla sem lést sama ár. Halldór var ötull talsmaður skákíþróttarinnar innan veggja skólans. Má segja að Halldórsmótið hafi verið hvati að auknu skákstarfi innan skólans en allir nemendur skólans fá nú kennslu í skák á sinni skólagöngu. Á yngsta stigi fá nemendur 10 kennslustundir á hverju skólaári í skák. Á miðstigi er búið að festa 1 tíma í viku í skákkennslu. Á unglíngastigi fá nemendur a.m.k. 5 kennslustundir í skák.

## 4 Sjálfsmat í Flúðaskóla 2023 – 2026

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi og að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um hvort árangur skólastarfsins sé í samræmi við markmið. Það þarf stöðugt að vinna að sjálfsmati.

### 4.1 Matstæki

Við sjálfsmat í Flúðaskóla eru m.a. notuð eftirfarandi matstæki: Skólapúlsinn, sjálfmatslistar í Mentor, skýrslur fag- og starfshópa, SVÓT greining, skólaþing og starfsmannasamtöl.

### 4.2 Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Flúðaskóli státar af mörgum þróunarverkefnum þar sem kennarar eru viljugir að taka þátt í starfsþróun. Nú þegar hafa kennarar skólans hafið sókn í átt að fjölbreyttum og nýjum kennsluháttum. Teymiskennsla er í innleiðingu á yngsta stigi sem og miðstigi. Teymiskennsla hefur aukist til muna á unglíngastigi með tilkomu Vörðu. Þátttaka í smiðjum á bæði unglíngastigi og miðstigi er nýjung sem virðist skila markmiðum sínum. Þeir nemendur sem þurfa á auknum stuðningi að halda hafa fengið hann m.a. í formi stuðningstíma í verknámi, mál og hreyfipjálfun og bóklegum sérkennslutímum hefur verið fjölgað. Flúðaskóli leggur mikið upp úr því að nemendur skólans fái rödd og er virkur þátttakandi í barnvænu sveitarfélagi t.a.m. eru haldin barnaþing reglulega. Mikil áhersla er lögð á umhverfisvitund og í samstarfi við danskan skóla (Holbæk) fékk skólinn Nordplus styrk fyrir verkefnið Slam. Megináhersla verkefnisins



er samþætting námsgreina og samstarf við seyruverkefnið með áherslu á vatnssóun, vatnsskort og sjálfbærni.

Ný viðfangefni eru alltaf áskorun. Skólastjórnendur og kennarar þurfa sífellt að leita leiða til að þróa skólann áfram. Hlutverk stjórnenda og kennara er að breytast úr því að vera fræðarinn yfir í það að vekja áhuga, efla sjálfstæði, hvetja til frumkvæðis og leita sér þekkingar. En til þess að þetta sé hægt þarf að virkja marga til að koma að nýjum hugmyndum og koma nýrri hugsun í framkvæmd. Þau verkefni sem tekin eru fyrir og skipulögð innan skóla verða að eiga rætur í framtíðarsýn og stefnumiðum skólans. Opinn, samvirkur og sveigjanlegur skóli sem hefur ætíð hagsmuni nemenda að leiðarljósi er skóli nútímans.

#### **Skólaárið 2023 – 2024 verður teymiskennsla innleidd á yngsta og miðstigi. Kostirnir og markmið með teymiskennslu eru:**

- að nýta sérhæfingu hvers og eins kennara betur.
- að nýta gagnkvæman stuðning við agamál.
- að námsmat verður samræmdara.
- að auka samvinnu og fjölbreytni í kennslunni.
- að hægt er að hafa ólíka hópa og mæta mismunandi þörfum nemenda.
- að dreifa ábyrgð og skipulagi kennslu.

#### **Varða á unglíngastigi, innleidd skólaárið 2023-2024**

Vörðunni er ætlað að vera þverfaglegt kennsluform þar sem unnið er í lotum með ýmsum hætti. Að lokinni hverri Vörðu eru skil og á undan hverri nýrri Vörðu er leikjadagur unglíngs. Varðan leggur áherslu á list- og verkgreinar, upplýsinga og tæknimennt, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, íslensku og lífsleikni. Markmið þessara tíma er að ýta undir sjálfstæði nemenda og gefa þeim tækifæri til að hafa eitthvað um nám sitt að segja. Í Vörðutímum er lagt upp með sjálfvalin verkefni eftir áhugasviði og samvinnu nemenda. Með þessum breytingum aukin áhersla á kennsluhætti þar sem reynir á gagnrýna hugsun, þátttöku og samstarf. Auk þess sem fjölbreytni í skilum og námsaðlögun verði skýrari.

#### **Auka verknámstímar skólaárið 2023-2024**

Reynt er að koma til móts við óskir nemenda með aukningu verknáms á öllum stigum skólans. Horft er til þeirra nemenda sem þurfa að auka færni í viðkomandi greinum en einnig til þess að búa til fjölbreyttara námsframboð fyrir fjölbreyttan nemendahóp.

## 4.3 Sjálfsmatsáætlun

## Skólaárið 2023 – 2024

Tími	Hvað á að gera	Þátttakendur	Úrvinnsla	
<b>September</b>	Fara yfir umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur	Uppfæra	Sjálfsmatshópur
<b>Október</b>	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrsla	Skólastjórnendur
<b>Október</b>	Skólapúlsinn nemendur 6. - 10. bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
<b>Nóvember</b>	Úttekt á námsmati	Kennarar og nemendur	Samantekt og úrbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
<b>Janúar</b>	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtölum	Umsjónarkennarar
<b>Febrúar</b>	Skólaþing	Nemendur	Unnið úr niðurstöðum og gerð umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
<b>Mars</b>	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
<b>Apríl</b>	Skólapúlsinn starfsmenn	Starfsmenn	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Skólastjórnendur
<b>Júní</b>	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
<b>Júní</b>	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur rýnir í gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur

**Skólaárið 2024 – 2025**

<b>Tími</b>	<b>Hvað á að gera</b>	<b>Þátttakendur</b>	<b>Úrvinnsla</b>	<b>Ábyrgð</b>
<b>September</b>	Fara yfir umbótaáætlun	Skólastjórnendur	Uppfæra	Skólastjórnendur
<b>September</b>	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrslu og vinnumats	Skólastjórnendur
<b>Október</b>	Stefnumótunarfundur um innleiðingu tölva og tækni	Kennarar og stjórnendur	Aðgerðaráætlun	Stýrihópur um UT
<b>Janúar</b>	Skólapúlsinn 1. – 5. bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
<b>Janúar</b>	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtölum	Umsjónar-kennarar
<b>Mars</b>	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
<b>Mars</b>	Skólapúlsinn foreldrakönnun	Foreldrar	Umbótaáætlun unnin upp úr niðurstöðum Skólapúlsins	Sjálfsmatshópur
<b>Júní</b>	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
<b>Júní</b>	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur

**Skólaárið 2025 – 2026**

Tími	Hvað á að gera	Þátttakendur	Úrvinnsla	Ábyrgð
<b>September</b>	Fara yfir umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur	Uppfæra	Sjálfsmatshópur
<b>September</b>	Starfsmannaviðtöl	Starfsmenn og stjórnendur	Lokafrágangur vinnuskýrsla	Skólastjórnendur
<b>Nóvember</b>	Skólapúlsinn 6. – 10 bekkur	Nemendur	Umbótaáætlun unnin upp úr Skólapúlsinum	Sjálfsmatshópur
<b>Janúar</b>	Líðan, listar í Mentor	Nemendur	Samtöl í foreldra- og nemendaviðtöllum	Umsjónarnefndarar
<b>Mars</b>	Starfsmannaviðtöl, fag- og áhugasviðskönnun	Starfsmenn	Samantekt til að skipuleggja næsta skólaár	Skólastjórnendur og deildarstjóri sérkennslu
<b>Apríl</b>	Skólaþing	Nemendur	Unnið úr niðurstöðum og gerð umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur
<b>Júní</b>	Starfsskýrslur starfs- og faghópa	Starfs- og faghópar	Upplýsingaöflun um skólastarfið með tilliti til umbóta	Starfs- og faghópar
<b>Júní</b>	Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun	Sjálfsmatshópur rýnir í gögn sem aflað hefur verið á skólaárinu	Samantekt til umbóta	Sjálfsmatshópur

## 5 Grunnþættir menntunar í Flúðaskóla

### 5.1 Heilbrigði og velferð

Markmið	Leiðir
<b>Að stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda.</b>	Að vinna að því að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi. Leggja áherslu á að vinna með eftirfarandi þætti: Jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og tilfinningar.
<b>Nemendur fái heildstæða fræðslu frá fagaðila um heilsusamlegt líferni.</b>	Í samstarfi við heilsugæsluna fá nemendur fræðslu um 6-H heilsunnar þ.e. hollusta – hvíld – hreyfing – hreinlæti – hamingja - hugrekki og kynheilbrigði.
<b>Hvetja til heilbrigðra lífnaðarháttá.</b>	Unnið verði í verkefninu heilsueflandi skóli þar sem m.a. er fjallað um; mataræði, tannheilsu, hreyfingu, öryggi og geðrækt. Vinna með foreldrum og nærsamfélaginu að sameiginlegum markmiðum.
<b>Efla sjálfsöryggi og þroska, hvetja nemendur til að standa með sjálfum sér.</b>	Hvetja nemendur til að vera virkir þátttakendur í námi og starfi innan og utan skólans.
<b>Hvetja til útivistar.</b>	Útikennsla verði áfram stór hluti af skólastarfinu. Bæta aðstöðu til útivistar í nágrenni skólans.
<b>Að stuðla að jákvæðum samskiptum.</b>	Regluleg fræðsla um t.d. örugga netnotkun, forvarnir gegn einelti, fordómum og fleiru.

## 5.2 Sköpun

Markmið	Leiðir
Efla áhuga, forvitni og ímyndunarafl.	Nota kveikjur til að opna fyrir umræður, spyrja opinna spurninga og hvetja til gagnrýnnar hugsunar. Fjölbreyttar kennsluaðferðir, nýta áhugasviðskannanir og mannauð nærsamfélagsins.
Nemendur finni hvar þeirra sköpunarmáttur liggur og efla sjálfsþekkingu þeirra.	Nemendur hafi val um mismunandi leiðir í nálgun viðfangsefna. Nýir miðlar, ný tækni.
Efla skapandi skóla.	Hvetja nemendur til þátttöku í skapandi starfi með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Auka fjölbreytni/vægi skapandi greina.

## 5.3 Jafnrétti

Markmið	Leiðir
Nemendur viti að öll börn eiga rétt á menntun, fræðist um jafnrétti á hinum ýmsu sviðum og efli þannig jafnréttisvitund. Nemendur geti sett sig í spor þeirra sem búa við einhvers konar misrétti, tengt kynþætti, kyni, fötlun o.s.frv. og efla þannig jafnréttisvitund.	Kynnast með sögum og dæmum mismunandi aðstæðum barna í heiminum og setji sig í spor þeirra. Nemendur rýni/horfi á efni sem tengist jafnrétti.
Kynna og starfa eftir jafnréttisáætlun skólans.	Að vinna með jafnréttisáætlun í kennslustundum.

	Vinna reglulega með gátlista varðandi skólastarfið með jafnréttisgleraugum.
<b>Efla umburðarlyndi og virðingu nemenda og starfsfólks í skólanum. Nemendur viti að allir eigi rétt á að vera eins og þeir eru.</b>	Fræðsla og kynning á mismunandi kynþáttum, kynhegðun, fötlun, menningu og fleiru.

#### 5.4 Læsi

Markmið	Leiðir
<b>Unnið er að því að nemendur skynji og skilji umhverfi sitt og samfélag og geti brugðist við á persónulegan og skapandi hátt.</b>	Nemendur öðlist færni í að nýta fjölbreytta miðla og tækni við dagleg verkefni.
<b>Að allir geti lesið sér til gagns. Lestur komi að í sem flestum námsgreinum.</b>	Góð samvinna við heimilin. Markviss lestrarkennsla samkvæmt skólanámskrá og lestrarstefnu skólans, sem allir geta nýtt sér. Yndislestur sé fastur liður í skólastarfi. Þjálfar hlustun. Gæta þess að lesefni sé fjölbreytt.
<b>Að þjálfa lesskilning og efla læsi.</b>	Nota vísbendingar í máli, lesa á milli lína, finna upplýsingar í máli, myndum, táknum og tölum. Að glíma við hugarþrautir og heimspeki.
<b>Mælanlegar framfarir í lestri og lesskilningi.</b>	Að reglulega verði lögð fyrir lestrar- og lesskilningspróf.
<b>Að allir nemendur fái móðurmálskenndu.</b>	Leita eftir samstarfi við foreldra.

## 5.5 Sjálfbærni

Markmið	Leiðir
Efla umhverfisvitund.	Útinám og- kennsla, fræðsla um vistspor
Flokka allt rusl og auka samfélagslega ábyrgð nemenda.	Fá viðeigandi flokkunartunnur, flutning og fræðslu. Endurnýta það sem til fellur, t.d. gamlar tölvur, trjáafgangar, pappír o.fl.. Nýta í kennslu, s.s. í textíl, myndmennt og nýsköpun.
Rækta og/eða kaupa mat úr héraði.	Mötuneyti og heimilisfræðikennari kaupir sem flest matvæli úr héraði. Kynna matvælaframleiðslu sem stunduð er í héraðinu.
Auka virðingu fyrir náttúru og umhverfi.	Umhverfis dagar, tiltekt inni og úti. Nota vistvæn efni þar sem kostur er.
Auka vitund nemenda um efnahag og fjármál.	Auka fræðslu um fjármál.

## 5.6 Lýðræði og mannréttindi

Markmið	Leiðir
Efla nemendalýðræði og efla nemendur sem virka borgara í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Halda skólalæping og bekkjafundi þar sem tryggt er að allir fái tækifæri til að tjá sig og hin ýmsu umræðuefni tekin fyrir. Virkja nemendaráð til ákvarðanatöku.
Að rödd nemenda heyrir og þeir geti haft áhrif á málefni sem tengjast þeim.	Nemendaráð taki virkan þátt í mikilvægum ákvörðunum sem snúa að nemendum og nemendur séu hvattir til að nýta sinn fulltrúa í skólaráði.
Að efla áhuga og ábyrgð nemenda á eigin námi og framtíð.	Koma á mótis við áhugasvið nemenda s.s. með fjölbreyttu vali og starfsnámi.



<b>Að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.</b>	Unnið eftir hugmyndafræði sem tekur mið af lýðræðislegri hugsun.
<b>Að nemendur kynnist Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þekki grundvallarréttindi barna og fullorðinna.</b>	Vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast Barnasáttmálanum.

## 6 Nemendur

### 6.1 Ábyrgð og réttur nemenda

Hver nemandi ber ábyrgð á eigin námi, hegðun sinni og eigum sem og umgengni við eigur skólans og annarra. Flúðaskóli leggur áherslu á að samstarf og samábyrgð ríki í nemendahópnum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins og skólans. Höfum ávallt í huga að allir nemendur bera sameiginlega ábyrgð á að umgengnisreglur séu virtar.

Nemendur Flúðaskóla líða ekki ofbeldi, einelti eða ljótan munnsöfnuð frá neinum og leggja sig fram við að uppræta slíka framkomu. Það er á ábyrgð hvers nemanda að fara eftir skólareglum og hafa ávallt einkunnarorð skólans í huga, virðing – vitneskja.

Nemandi getur leitað til hvaða starfsmanns sem er með mál sem snúa að eigin eða annarra velferð og líðan, t.d. stríðni, einelti eða vanlíðan. Grípur þá skólinn þegar til ráðstafana samkvæmt vinnuferli sem fram kemur í áætlun gegn einelti sem nálgast má á heimasíðu skólans.

#### 6.1.1 Heimanám

Með heimanámi gefst foreldrum gott tækifæri til að fylgjast með námi/vinnu barna sinna og veita þeim stuðning og hvatningu. Heimavinnuáætlun er birt á Mentor. Það er stefna skólans að setja nemendum daglega fyrir heimanám í formi lestrar og á það við um öll aldursstig skólans. Gert er ráð fyrir að allir nemendur í yngri deildunum lesi heima fyrir foreldra á hverjum virkum degi. Í eldri bekkjum þurfa nemendur ekki að lesa upphátt fyrir foreldra nema öðru hverju en foreldrar framfylgi því engu að síður að nemendur lesi daglega heima.

Auk lestrarins geta kennarar sett fyrir hóflega heimavinnu. Hagnýtar upplýsingar um heimanám er að finna á heimasíðu Heimilis og skóla [www.heimilioskoli.is](http://www.heimilioskoli.is)

#### 6.1.2 Mötuneyti skólans

Mötuneyti er í Flúðaskóla. Nemendur og starfsfólk geta keypt máltíð í hádeginu mánudaga – fimmtudaga. Þeir sem kaupa mat í mötuneyti og óska eftir því að vera á sérþæði, ber að skila læknisvottorði.

Nemendur á yngsta- og miðstigi hafa kost á að vera áskrifendur að ávöxtum og grænmeti. Nemendur í unglingadeild geta keypt ávaxta/grænmetismiða.

## 6.2 Móttaka nýrra nemenda

Það er stórt skref fyrir barn að hefja skólagöngu eða byrja í nýjum skóla. Mikilvægt er í upphafi skólagöngu að leggja grunninn að góðri samvinnu heimilis og skóla. Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi. Foreldrum eru veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólasterfið almennt. Foreldrum með annað móturmál en íslensku er greint frá möguleikum á tülkaþjónustu. Á heimasíðu skólans [fludaskoli.is](http://fludaskoli.is) má finna móttökuáætlun nýrra nemenda undir flípanum áætlunir.

### 6.2.1 Samstarf Flúðaskóla og Leikskólans Undralands

Markmið með samstarfi Flúðaskóla og Undralands er að mynda samfellu milli skólastiganna til að auðvelda nemendum þær breytingar að fara á milli skólastiga. Skólaheimsóknir eru áætlaðar ca. þrjár í mánuði; tvær í grunnskólann og ein í leikskólann. Samvinnuformið er fjölbreytt, leikskólabörninn kynnast öllum námsgreinum Flúðaskóla og 1. bekkur heimsækir sinn gamla skóla. Leikskólabörnunum er boðið á ýmsa viðburði í grunnskólanum eins og árshátíð og dag íslenskrar tungu. 1. bekk er boðið á vordag leikskólans og fleira. Skólastigin hafa líka sameinast um uppákomur eins og jóllaleikrit. Vorskóli er fyrir tilvonandi 1. bekkinga þrjá daga að vori þar sem börnin eru saman allan skóladaginn, fara t.d. saman í hádegismat og vinna saman allskyns verkefni. Æskilegt er að verðandi kennari 1. bekkjar taki þátt í vorskólanum, en ekki er alltaf hægt að koma því við. Leikskólakennari elstu deildar leikskóla og 1. bekkjarkennari grunnskóla funda einu sinni í mánuði og skipuleggja starfið.

### 6.2.2 Móttaka nemenda úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Flúðaskóli tekur við nemendum í 8. – 10. bekk úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Aðlögun að sameiningu þessari felst aðallega í heimsóknum 7. bekkja milli skólanna nokkrum sinnum yfir skólaárið. Um er að ræða heimsóknir á skólatíma þar sem nemendur vinna að ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að kynnast í gegnum leik, borða saman og hér í Flúðaskóla fá væntanlegir nemendur kynningu á skólasvæðinu.

Í byrjun hvers skólaárs skipuleggja umsjónakennarar 7. bekkja, sameiginlegt starf vetrarins.

### 6.2.3 Nýnemar frá öðrum skólum

Heimili skal hafa samband við skólastjórnendur til að skrá nemanda.

Skólastjórnendur boða forráðamenn og nemanda í heimsókn í skólann. Umsjónarkennari undirbýr komu nemandans þannig að hann finni sig velkominn í hópinn. Umsjónarkennari eða skólastjórnendur leita eftir ferilskrá frá gamla skólanum ef hún fylgir ekki. Skólastjórnendur sjá til þess að aðrir kennarar og starfsfólk viti af komu nemandans.

#### 6.2.4 Móttaka nýs starfsfólks

Við upphaf starfsferils taka skólastjórnendur á móti nýjum starfsmanni, kynna honum starfssvettvang skólans og hvar helstu hlutir eru geymdir. Við upphaf starfsferlis skrifar starfsmaður undir ráðningarsamning og trúnaðarskjal. Nýir starfsmenn fá aðgang að starfsmannahandbók skólans í upphafi starfsferils. Kennarar fá skáp og aðgang að tölvukerfi skólans við upphaf starfsferils. Deildarstjóri stoðþjónustu veitir kennurum upplýsingar um hvar trúnaðarskjöl er að finna, svo þeir geti kynnt sér mál einstakra nemenda. Nýtt starfsfólk fær lykil að skólahúsnæði og aðgang að öryggiskerfi skólans.

## 7 Forráðamenn

### 7.1 Ábyrgð og réttur forráðamanna

Ábyrgð forráðamanna á skólagöngu barna sinna er mikil. Þeim ber að styðja við og fylgjast vel með námi barnanna. Forráðamenn bera ábyrgð á því að barnið mæti í skóla/skólabíl á réttum tíma og í viðeigandi klæðnaði og þann búnað sem nauðsynlegur er frá degi til dags. Forráðamenn láti vita ef um veikindi eða vanlíðan er að ræða og tali af háttvísi við börnin um skólann og starfsfólk hans. Fá barn jákvætt viðhorf í veganesti að heiman er líklegra að því líði betur í skólanum og gangi vel í námi.

Forráðamenn nemenda í Flúðaskóla eiga rétt á því að í skólanum sé komið fram við börn þeirra af virðingu, sanngirni og tillitssemi, bæði af hendi samnemenda og starfsmanna skólans. Forráðamenn eiga að geta vitað af börnum sínum öruggum í skólanum og hafa aðgang að upplýsingum um stöðu barna sinna. Forráðamenn eiga að geta rætt við starfsfólk skólans um málefni barna sinna og fengið vitneskju um vandamál ef þau koma upp. Umsjónarkennarar eru tengiliðir skólans við heimilin og hafa vikulegan viðtalstíma, sem og aðrir kennarar. Fjölskylduvefurinn mentor.is er öflugt upplýsingatæki sem auðveldar forráðamönnum að fylgjast með námi barna sinna. Forráðamönnum er velkomið að heimsækja skólann og fylgjast með starfi barna sinna, en nauðsynlegt er að hafa samráð um slíkar heimsóknir við skólastjóra eða viðkomandi kennara. Mikilvægt er að foreldrar sýni trúnað um það sem þeir verða áskynja í slíkri heimsókn. Góð samvinna skóla og heimilis er mjög mikilvæg.

#### 7.1.1 Leyfi / veikindi nemenda

Forráðamenn geta fengið leyfi fyrir börn sín gerist þess þörf. Ef nemandi þarf að fá leyfi allt að tveimur dögum eiga forráðamenn að hafa samband við ritara [ritari@fludaskoli.is](mailto:ritari@fludaskoli.is) eða umsjónarkennara barnsins. Ef um lengri leyfi er að ræða ber forráðamanni að sækja um slíkt á þar til gerðu eyðublaði til skólastjórnenda með

hæfilegum fyrirvara. Beiðni um leyfi þarf að koma frá forráðamönnum en aldrei frá nemandanum sjálfum, vinum eða systkinum. Forráðamönnum er bent á 15. gr. laga um grunnskóla, en þar segir: *Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.* Það þýðir einnig að ef nemandi hefur verið frá skóla vegna veikinda eða leyfa ber honum og forráðamönnum að afla sér upplýsinga um heimanám.

Ef nemandi veikist eða forfallast ber forráðamanni að tilkynna það strax að morgni sama dags og á hverjum degi þar til barnið mætir aftur í skólann. Hægt að senda tölvupóst á [ritari@fludaskoli.is](mailto:ritari@fludaskoli.is) eða hringja í skólann. Forráðamenn geta einnig sjálfir skráð veikindi í Mentor. Sé um langvarandi veikindi barns að ræða skal skila inn læknavottorði. Forráðamenn þurfa að tilkynna skólabílstjóra ef nemandi tekur ekki skólabíl að morgni eða ætlar ekki að nýta sér heimferð.

Ef forráðamenn telja veður viðsjál og hættuleg börnum sínum er það þeirra að veða og meta hvort þeir sendi börn sín af stað í skóla. Ávallt er neyðarúrræði að fella niður kennslu og í hinni dreifðu búsetu nemenda geta veður verið mjög misjöfn eftir svæðum. Skólabílstjórar veða og meta hvort þeir fara af stað að morgni eða ekki, en ábyrgðin á börnunum liggur fyrst og fremst hjá forráðamönnum. Ef ákvörðun er tekin um að fella niður skólahald fá forráðamenn sms frá skólanum, jafnframt er það tilkynnt á heimasíðu og Facebooksíðu skólans.

## 8 Skólareglur Flúðaskóla

### 8.1 Reglur og viðurlög

Skólareglur Flúðaskóla eru byggðar á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélagi í grunnskólum nr. 1040/2011 4. grein segir að í skólareglum skuli m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Þar skal einnig koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Samskipti í Flúðaskóla grundvallast á virðingu og vitneskju sem eru einkunnarorð skólans.

*Skólareglur gilda ávallt á skólatíma og í öllum ferðum og viðburðum á vegum skólans*

1. Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur
2. Við förum eftir fyrirmælum kennara og annars starfsfólks skólans
3. Við göngum vel um umhverfið og virðum mörk skólalóðar
4. Við förum vel með eigur skólans og annarra
5. Við mætum stundvíslega og vinnum eins vel og við getum
6. Við tileinkum okkur heilbrigðar lífsvenjur
7. Við tökum hvorki þátt í ofbeldi né einelti

### Heilbrigðar lífsvenjur:

- Orkudrykkir, tóbak, nikótínþúðar, rafrettur, áfengi og önnur vímuefni eru með öllu óheimil í skólanum
- Gosdrykkir og sælgæti eru eingöngu leyfðir við sérstök tækifæri og þá í samráði við kennara
- Huga þarf að nægri hreyfingu, hvíld og hollri næringu nemenda (heilsuvera.is)

### Snjalltæki:

- Kennari gefur fyrirmæli um notkun snjalltækja í kennslustundum
- Snjalltæki eru óheimil í matsal
- Snjalltæki eru óleyfileg í búningsklefum og í íþróttasal
- Mynd- og hljóðupptökur eru háðar samþykki viðkomandi

### Útireglur

- Nemendur í 1. – 7. bekk eru úti í frímínútum
- Nemendur í 8. – 10. bekk hafa val um að vera inni eða úti í frímínútum
- Nemendur eru hvattir til að vera ávallt klæddir til útivistar
- Notkun reiðhjóla er ekki heimil á skólalóð á skólatíma
- Hjólabretti og hlaupahjól eru leyfð á þar til gerðu svæði að því gefnu að nemendur séu með hjálm
- Snjókast er eingöngu leyfilegt á þar til gerðu svæði sem er ætlað þátttakendum

### Skólabílar og -ferðir

- Nemendur skulu ávallt nota bílbelti
- Mikilvægt er að nemendur séu tilbúnir þegar skólabíll sækir og keyrir heim

### Samskipti og skólasókn

- Veikindi nemanda skal tilkynna daglega á Mentor, í tölvupósti eða með símtali

- Ávallt þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda, vari leyfið lengur en tvo daga samfleytt þarf að sækja um það skriflega  
<https://www.fludaskoli.is/foreldrar/leyfisbeidni/>
- Geti nemendur ekki sótt kennslustund í íþróttum eða sundi þarf að skila inn beiðni frá foreldri/forráðamanni þess efnis. Nemendur þurfa þá að vera tilbúnir til að fara í göngutúr eða vinna í námsbókum meðan á kennslu stendur
- Geti nemendur ekki stundað skólaíþróttir til lengri tíma þarf að skila læknisvottorði til skólans
- Þurfi nemendur að vera inni í frímínútum skal skila beiðni frá foreldri/forráðamanni þess efnis

### Flokkar brota og viðurlög við þeim

Agabrot eru flokkuð í þrjú flokka:

- **gulan** - vægasti flokkur agabrota
- **appelsínugulan**
- **rauðan-**

Flokkarnir eru ekki endanlegt yfirlit yfir agabrot en hjálpa til við að greina alvarleika brota og hvernig brugðist er við þeim. Með ítrekuðum brotum á skólareglum geta gul eða væg brot orðið appelsínugul eða rauð.

### Gul agabrot

- Þras, ögrandi hegðun, rifrildi o.fl.
- Truflandi athafnir við leiki og vinnu annarra
- Slæm umgengni um eigur skólans
- Óstundvísi í kennslustundir
- Fjarvistir
- Ítrekuð bið skólabíls eftir nemanda
- Neysla sælgætis á skólatíma
- Óheimil notkun reiðhjóla á skólalóð
- Notkun línuskauta og bretta á skólatíma án notkunar hjálms
- Notkun reiðhjóla án hjálma
- Brot á öðrum snjalltækjareglum en getið er um í rauðum agabrotum

### Viðurlög

- Fylgi nemandi ekki skólareglum þarf hann að eiga samtali við starfsmann skólans og koma með hugmynd að lausn
- Sé nemandi ósamvinnuþýður hefur umsjónarkennari samband við foreldra og leitar frekari lausna í samvinnu við þá

### Appelsínugul agabrot

- Særandi eða niðrandi orðbragð, hrekkir, stríðni, hæðni og uppnefni
- Óhlýðni
- Ósannindi, svik og svindl
- Áreitni, hrekkir, stríðni

### Viðurlög

- Komi ítrekað til þess að nemandi fylgi ekki skólareglum er málinu vísað til stjórnenda skólans sem fjalla um málið og finna því réttan farveg
- Umsjónarkennari upplýsir foreldra eins fljótt og auðið er ef nemandi fylgir ekki skólareglum
- Skólastjóri og forráðamaður ákveða í sameiningu hvort forráðamaður mæti tímabundið með barni sínu í skólann

### Rauð agabrot

- Ofbeldi, slagsmál og ógnandi hegðun
- Óleyfilegar upptökur, útsendingar eða myndbirtingar
- Einelti
- Líkamleg eða kynferðisleg áreitni
- Skemmdarverk
- Svindl í námsmati
- Þjófnaður
- Neysla og meðhöndlun hvers konar vímugjafa, tóbaks, nikótínþúða og rafretta

## Viðurlög

- Málinu vísað til skólastjóra sem getur ákveðið að vísa nemanda heim án tafar
- Skólastjóri og forráðamaður ákveða í sameiningu hvort forráðamaður mæti tímabundið með barni sínu í skólann
- Skólastjóri ákveður í samráði við forráðamann hvort nemandi sem ekki heldur skólareglur verði tímabundið útilokaður frá félagslífi og/eða ferðum á vegum skólans
- Skólastjóra er heimilt að vísa nemanda tímabundið úr skóla ef nemandi lætur sér ekki segjast, ítrekuð brot hans eru alvarleg eða hann stefnir eigin lífi/heilsu eða annarra í hættu

## 9 Félagsstarf

### 9.1 Félagslíf nemenda

Við Flúðaskóla er starfandi nemendaráð, árshátíðanefnd og verslunarráð. Samstarf er á milli Félagsmiðstöðvarinnar Zero og nemendanefnda skólans varðandi félagslíf á elsta og miðstigi.

#### 9.1.1 Nemendaráð

Ráðið er skipað nemendum úr 7. – 10. bekk, einn úr hverjum árgangi en tveir úr 10. bekk, og kosið í það árlega. Hlutverk nemendaráðs er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Ráðið kemur þannig að öllu sem kemur nemendum við t.d. í sambandi við aðstöðu, uppákomur, lög og reglur, tæki og tól o.s.frv. Þeir nemendur sem sitja í nemendaráði funda með skólastjórum eins og þurfa þykir. Nemendaráð velur tvo fulltrúa til að sitja í skólaráði Flúðaskóla.

#### 9.1.2 Verslunarráð

Verslunarráð er skipað nemendum úr 10. bekk og hefur það umsjón með sjoppu 10. bekinga. Ráðið sér um að útbúa vinnulista/starfslista nemenda og að ávallt séu til nægar birgðir í sjoppu til sölu á skólatíma.

Verslunarráð er kosið af nemendum í 10. bekk og starfar undir leiðsögn skólastjóra.

### 9.2 Ferðalög nemenda

Haustferðir

Nemendur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefja nám við Flúðaskóla í 8. bekk. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og góða tengslamyndun innan hópsins. Í upphafi skólaársins fer hópurinn í einnar nætur ferðalag í þeim tilgangi.



Ef um fargjaldskostnað innanlands er að ræða greiðir skólinn, annan kostnað bera nemendur eða forráðamenn.

Bekkir yngsta og miðstigs fara dagsferð að hausti.

### **Menningarferðir**

Menningarferðir eru skipulagðar af umsjónarkennurum 5. – 7. bekkjar. Um er að ræða dagsferðir. Menningarferð skilgreinist ferð; í leikhús, í kvikmyndahús ef um sérstaka tengingu við skólastarf er að ræða, á söfn, á sýningar, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir af menningarlegum toga.

Rútufargjald menningarferðar er greitt af skóla.

Menningarferðir unglíngastigs eru hluti af sameiginlegum smiðjum nágrannaskóla.

### **Vetrarferðir**

Stefnt er að útivistarferð einu sinni á skólaárinu. Nemendur 1. - 3. bekkjar fara í sleða- eða skautaferð innan sveitar í göngufæri. Nemendur 4. – 10. bekkjar fara í sleða-, skauta- eða skíðaferð.

Rútufargjald er greitt af skóla en annar kostnaður er greiddur af nemendum.

Vorferðir

1.- 4. bekkur, dagsferð á skólatíma.

5.- 9. bekkur, dagsferð á skólatíma.

Ef um fargjaldskostnað er að ræða greiðir skólinn.

10. bekkur fer í skemmtiferð þar sem allur kostnaður er greiddur af nemendum.

### **Kostnaður í námsferðum**

Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

### **Skólareglur gilda í öllum ferðum á vegum skólans.**

#### **Foreldrastarf**

Foreldrar/tenglar geta staðið að ýmsum skemmti- og/eða menningarferðum með nemendum. Þessar ferðir má vinna í samstarfi við umsjónarkennara hvers bekkjar. Æskilegt er að þessar ferðir séu ekki á skólatíma. Kostnaður við ferðir á vegum forráðamanna eru greiddar af nemendum/forráðamönnum. Forráðamönnum er bent á mikilvægi þess að allar rútupantanir séu í höndum skólastjóra þar með gildir trygging skólans fyrir nemendum. Lýsingu á hlutverki tengla er að finna í erindisbréfi bekkjarfulltrúa í Foreldrabankanum frá Heimili og skóla.

### **9.3 Skemmtanir á vegum skólans**

#### **Dagur íslenskrar tungu**

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, bjóðum við til okkar gestum í Flúðaskóla, þar sem afrakstur þemavinnu undangenginna daga eru til sýnis. Þann sama dag höldum við einnig Halldórsmótið í skák.

### **Jólaskemmtun**

Jólaskemmtun nemenda og starfsfólks er haldin síðasta skóladag fyrir jólafrí. Nemendur fara heim á hádegi þennan dag.

### **Árshátíð**

Árshátíð Flúðaskóla er hátíð allra nemenda og starfsfólks skólans. Skemmtanirnar eru tvær, annars vegar fyrir yngra og miðstig og hins vegar fyrir eldra stig. Skólinn leggur áherslu á að allir taki virkan þátt í undirbúningi og vinnu sem tengist árshátíðum.

### **Vordagur**

Vordagur er haldinn síðasta skóladag að vori. Markmiðið er að nemendur og starfsfólk skólans skemmti sér saman við þrautir og leiki í tilefni skólaloka.

## **9.4 Danskensla**

Danskensla er nauðsynlegur hlekkur í fjölbreytileika skólastarfsins. Þar að auki er dans listgrein sem ber að kynna fyrir nemendum. Stefnt er að því að nemendur skólans fái danskenslu annað hvert ár.

## **10 Nemendavernd**

### **10.1 Nemendaverndarráð**

Nemendaverndarráð fjallar um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leitar úrræða á vandamálum er upp koma. Fundir eru haldnir reglulega eftir þörfum. Í nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til. Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð nr. 584/2010.

### **10.2 Heilsugæsla**

Heilsuvernd skólabarna í Flúðaskóla er á vegum Heilsugæslunnar í Laugarási Skólahjúkrunarfræðingur er Sigríður B. Ingólfssdóttir og viðverutími er á Miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 8-12

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar.

Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna..

### Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er veitt í öllum árgöngum og er áherslan á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.

1. bekkur – **„Líkaminn minn“** - Forvörn gegn kynferðislegu ofbeldi og **Hjálmanotkun**
2. bekkur – **Tilfinningar**
3. bekkur – **Verkefnabók um 6H heilsunnar** (Hamingja, Hollusta, Hreinlæti, Hreyfing, Hvíld)
4. bekkur – **Kvíði og Slysavarnir**
5. bekkur – **Samskipti**
6. bekkur – **Kynþroski og Endurlífgun**
7. bekkur – **Bólusetningar**
8. bekkur – **Sjálfmynd-Samskipti, Hugrekki og Endurlífgun**
9. bekkur – **Kynheilbrigði og Bólusetning**
10. bekkur – **Geðheilbrigði, Endurlífgun og Ábyrgð á eigin heilsu**

Markmið hverrar fræðslu eftir árgöngum er hægt að sjá á [Heilsuvera.is](http://Heilsuvera.is)

### Skimanir

Skimað er fyrir ákveðnum heilbrigðisvandamálum og eru skimanir framkvæmdar í 1., 4., 7. og 9. bekk. Þær felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Nemendur í öðrum árgöngum eru skimaðir eftir þörfum. Ef frávik reynist í skimun er haft samband við forráðamann.

### Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan

Þegar skimanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk ræðir skólahjúkrunarfræðingur við nemendur um líðan og lífsvenjur. Markmið viðtalanna er að styrkja vitund nemenda um eigið heilbrigði og líðan. Einnig að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur.

### Bólusetningar

Bólusetningum er ætlað að verja einstaklinginn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Í 7. bekk er bólusett við mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein sprauta), auk þess er bólusett gegn HPV (Human papilloma veirum) sem geta valdið leghálskrabbameini. HPV bólusetning er gefin tvisvar með 6 mánaða millibili.

Í 9. bekk er bólusett við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt (ein sprauta). Áður en kemur að bólusetningu er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um tímasetningu. Gott er að nemendur komi með bólusetningarskírteini sín í skólann þegar bólusetning fer fram. Hafið samband við skólahjúkrunarfræðing ef:

- Nánari upplýsinga er óskað
- Talið er að barn sé ekki að fullu bóluset
- Óskað er eftir því að barn sé ekki bóluset.

Það er á ábyrgð foreldra að láta bólusetja börn sín.

## Hagnýtar upplýsingar

### **Veikindi og slys**

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild skulu foreldrar fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins.

### **Langveik börn**

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingur viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra alvarlega sjúkdóma. Hlutverk skólahjúkrunarfræðingsins er að skapa þessum börnum viðeigandi aðstæður og umönnun í skólanum í samvinnu við foreldra og starfsfólk skólans.

### **Lyfjagjafir**

Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undur höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insulíngjafir sem barnið sér sjálft alfarið um.

### **Höfuðlús**

Höfuðlús birtist reglulega í skólum landsins og er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna reglulega yfir skólaárið. Rétt er að láta skólann vita ef lús finnst í hári barns og skólahjúkrunarfræðingur getur leiðbeint varðandi lúsasmit.

## **10.3 Slys í skólanum**

Ef nemandi verður fyrir slysi í skóla, eða á skólalóð, og starfsfólki skóla finnst ástæða til að nemandi fari til læknis er kallað á forráðamann og hann beðinn um að sækja barnið sitt og gera viðeigandi ráðstafanir. Ef nemandi slasast eða veikist í ferð á vegum skólans og forráðamaður ekki með í för sjá ábyrgðarmenn ferðarinnar um að koma honum undir læknishendur og láta forráðamenn vita. Í skóla skulu öll slys skráð á þar til gerð eyðublöð.

#### 10.4 Umhverfi og slysavarnir

Það er stefna Flúðaskóla að allt starfsumhverfi hans sé hættulaust, bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Það er stefna skólans að allir nemendur og allir starfsmenn hans hafi þekkingu á og æfi rétt viðbrögð við vá sem yfir getur dunið á skólatíma. Skólalóðin og leiktæki skólans þurfa að vera aðlaðandi og þannig úr garði gerð að þau skapi ekki hættur. Í þeim málum er reynt að fylgja gildandi reglum og leiðbeiningum fagfólks.

Mikilvægt er að allt umhverfi skólans sé vel upplýst í skammdeginu, þ.m.t. leiksvæði, göngustígar og almennt aðgengi að skólanum. Þá þurfa hálkuvarnir að vera í lagi á skólalóð og öðrum ferðaleiðum nemenda.

Stöðugt er unnið að því að lagfæra skólahúsið og er þá haft að leiðarljósi að skólahúsið hæfi þeim nemendum sem þar starfa og að þar leynist ekki slysaöldur. Í frímínútum er gæsla á skólalóð og á skólagöngum, þar sem reynt er eftir föngum að afstýra óhöppum og aðstoða nemendur sem þess þurfa. Leitast er við að nemendur séu undir leiðsögn eða gæslu kennara eða annarra starfsmanna á meðan á skólatíma stendur.

Nemendur í skólaakstri og í skólaferðum nota öryggisbelti í skólabílum og rútum. Allir starfsmenn skólans sem starfa með, eða eru í samskiptum við nemendur skulu hafa undirstöðuþekkingu í skyndihjálpi og slysavörnum.

Sjá nánar um viðbrögð við vá á heimsíðu skólans [fludaskoli.is](http://fludaskoli.is) undir flípanum áætlanir.

#### 10.5 Vanræksla á nemendum

Ef starfsfólk skólans verður vart við vanrækslu á nemanda af einhverju tagi ber því að hafa samband við skólastjóra sem metur hvort tala eigi við forráðamann eða beint við barnaverndarnefnd.

Ef sú leið er valin að tala við forráðamann og hún skilar ekki tilætluðum árangri skal skólastjóri hafa samband við barnaverndarnefnd „Sbr. Barnaverndarlög 80/2002.“

#### 10.6 Áföll

Ýmis áföll: Skilnaður foreldra, alvarleg veikindi aðstandanda eða nemanda, slys í umhverfinu, andlát vinar, ættingja og fleira.

1. Verði umsjónarkennari var við breytingar á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda í kjölfar áfalls, ber honum að ræða við aðstandendur og nemanda.
2. Umsjónakennari og áfallateymi virkja það starfsfólk skólans sem þurfa þykir til að aðstoða nemanda.

Í áfallateymi starfa: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og sóknarprestur.

#### Andlát eða alvarleg veikindi/slys nemanda

- Skólastjóri fær staðfestingu á andláti eða veikindum.
- Allt starfsfólk látið vita.

- Sóknarprestur eða annar sálgæsluaðili kallaður til að tala við nemendur.
- Skólinn sýnir aðstandendum hluttekningu.
- Við andlát. Minningarathöfn í skólanum / kirkjunni/ kirkjugarðinum eftir aðstæðum.
- Ef þörf er á áframhaldandi áfallahjálpi er því sinnt.

#### **Andlát starfsmanns**

- Skólastjóri fær andlát staðfest.
- Allt starfsfólk skólans látið vita.
- Umsjónarkennarar láta sína nemendur vita af andlátinu.
- Aðilar úr áfallateymi ræða við nemendur.
- Skólinn sýnir aðstandendum hluttekningu.
- Áfallateymi vinnur með nemendum eins lengi og þörf er á

#### **Andlát aðstandanda nemanda**

- Skólastjóri fær andlát staðfest.
- Allt starfsfólk skólans látið vita.
- Skólastjóri og umsjónarkennari sýna hluttekningu með heimsókn eða öðrum hætti í samráði við heimilið.
- Endurkoma nemandans í skólann, m.t.t. bekkjarins undirbúin í samráði við aðila úr áfallateyminu og jafnvel að einhver þeirra aðila ræði við viðkomandi bekk og nemanda.
- Áframhaldandi vinna með áfallateymi ef þörf er á.

### **10.7 Áætlun gegn einelti**

Starfsfólk Flúðaskóla vill að einkunnarorð skólans, virðing og vitneskja, séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans og að jákvætt andrúmsloft, umhyggja og samkennd sé þar ríkjandi. Hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum og unnið verður að því að starfsmenn, foreldrar og nemendur geri sér grein fyrir hvað einelti er. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og brugðist verður við þeim málum sem upp kunna að koma án tafar og í samvinnu við aðila máls. Þannig verður stuðlað að vellíðan allra í sameiginlegu átaki. Flúðaskóli skal vera öruggur vinnustaður, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Áætlun skólans í eineltismálum skal vera aðgengileg öllum á heimasíðu skólans [www.fludaskoli.is](http://www.fludaskoli.is).

#### **10.7.1 Skilgreining á einelti**

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

- Líkamlegt: Barsmíðar, spörk, hrindingar
- Andlegt: Þegar barn er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir gegn sjálfsvirðingu þess og réttlætiskennd.
- Efnislegt: Eigur barns eyðilagðar eða þeim stolið
- Munnlegt: Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni.
- Skriflegt: Tölvuskeyti, skrif á samfélagsmiðla, smáskilaboð, bréfasendingar, skrif, myndir.
- Óbeint: Útilokun úr félagahópi, baktal, neikvæð líkamstjáning.
- Óyrt: Bendingar, augngotur, háðsglott, merkjasendingar, niðrandi tákni.

### 10.7.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti

Í Flúðaskóla er lögð áhersla á að bera virðingu fyrir öllum og taka ábyrgð á eigin gerðum og hegðun. Áhersla er lögð á markvissar forvarnir og öflugt samstarf heimila og skóla. Það ættu allir að vera á varðbergi gagnvart einelti og meðvitaðir um áhrif þess á líðan og þroska.

Skólustjórnendur: Sjá til þess að allt starfsfólk skólans fái fræðslu um einelti.

Umsjónarkennari: Vinnur gegn einelti með fyrirbyggjandi aðgerðum.

- Kynnir áætlun gegn einelti fyrir nemendum og foreldrum
- Hefur eftirlit með líðan nemenda og ræðir við samstarfsfólk um að fylgjast með nemendum sem eru í áhættuhópi eða grunur leikur á að verði fyrir einelti
- Fjallar reglulega um samskipti innan bekkjarins og fræðir nemendur um ofbeldi, einelti og afleiðingar þess
- Gerir tengslakönnun í bekknum og heldur reglulega bekkjarfundi þar sem m.a. er leyst úr ágreiningsmálum og tekur einstaklingsviðtöl ef þurfa þykir
- Hvetur nemendur til að gera viðvart ef einhver er órétti beittur
- Hefur náið samstarf við foreldra

Starfsfólk: Allt starfsfólk skólans þarf að taka meðvitaða afstöðu gegn einelti og láta vita strax ef grunur vaknar um einelti. Einelti á erfitt uppdráttar þar sem samvinna, virðing og væntumþykja einkennir skólabraginn.

Nemendur: Geta tekið afstöðu gegn einelti með því að neita að taka þátt í því og fordæma það. Bryna þarf fyrir nemendum að láta umsjónarkennara, annað starfsfólk eða forráðamenn vita strax ef þeir verða varir við einhvers konar einelti.

Forráðamenn: Eru hvattir til að ræða um samskipti og líðan við börn sín. Gott upplýsingaflæði milli skóla og heimilis er mikilvægur þáttur í að sporna við einelti.

### 10.7.3 Viðbragðsáætlun

Lausnateymi hefur umsjón með og sinnir faglegri forystu í eineltismálum sem upp kunna að koma og veitir starfsfólki, nemendum og foreldrum leiðsögn. Lausnateymi skólans skipa skólastjórnendur, ásamt umsjónakennara. Ef starfsfólk skólans, forráðamenn nemenda eða nemendur verða varir við eða grunar að samskiptavandi eða einelti sé meðal nemenda ber aðilum að tilkynna það til umsjónarkennara eða skólastjórnenda.

Öll eineltismál, eða ef grunur er um einelti, skal skrá á sérstakt eyðublað. Blaðið á að berast til umsjónarkennara og skólastjórnenda. Hlutverk umsjónarkennara er að fylgja aðgerðaferli og skrá það sem fram kemur.

Ábyrgðin er ávallt skólans og heimilisins. Ef ekki tekst að uppræta eineltið er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Hægt er að leita ráðgjafar hjá sálfræðingi, kennsluráðgjafa eða félagsráðgjafa skóla- og velferðarþjónustu, ef þær leiðir sem skóli og foreldrar hafa reynt gagnast ekki. Einnig er hægt að leita til skóla- og velferðarþjónustu ef um ágreining er að ræða á milli foreldra/forráðamanna um úrlausn málsins.

Ef málin leysast ekki innan skólans er einnig hægt að vísa málum til fagráðs eineltismála hjá Menntamálastofnun.

Áætlun gegn einelti má finna á heimasíðu skólans.

#### Grunur um einelti

Vakni grunur um einelti skal tilkynning berast strax til umsjónarkennara. Fylgst er með viðkomandi börnum og spjallað óformlega við þau án þess að nefna hugtakið einelti. Umsjónarkennari vinnur, ásamt stjórnendum, að því að safna saman upplýsingum er tengjast málinu frá þeim kennurum, starfsmönnum og nemendum sem einhverja vitneskju hafa. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að taka viðtöl við þá nemendur sem að málinu koma, kanna líðan þeirra og skýra stjórnendum frá niðurstöðu. Umsjónarkennari hefur samband við forráðamenn viðkomandi nemenda.

#### Aðgerðaferli

- Ef í ljós kemur að um einelti sé að ræða skal eftirfarandi aðgerðaáætlun fylgt:
- Forráðamenn viðkomandi nemenda boðaðir í viðtal við umsjónarkennara.
- Aukin gæsla sem miðar að því að stöðva einelti samstundis.
- Starfsfólk skólans upplýst um eineltið og ábyrgð allra ítrekuð.
- Skólabílstjórar upplýstir um eineltið og þeir hvattir til að fylgjast með hegðun og líðan nemenda í skólabílum.



- Starfsfólk íþróttahúss upplýst um eineltið, sérstaklega skal huga að gæslu í búningasklefum.
- Einstaklingsviðtöl við meinta þolendur og gerendur.
- Bekkjarfundir þar sem farið er yfir eineltisáætlun skólans og nemendum veitt viðeigandi leiðsögn.
- Tengslakönnun í bekk, skoða sætaskipan, vinakerfi.

Ef aðgerðir bera ekki árangur þarf að fylgja málinu frekar eftir:

- Frekari samvinna við forráðamenn þolenda og gerenda.
- Aukið eftirlit, viðurlög.
- Ráðgjöf frá sálfræðingi eða öðrum sérfræðingum.
- Vísa málinu til nemendaverndarráðs.

## Skráning

Öll eineltismál, hvort sem um er að ræða grun eða staðfestingu á einelti, skal skrá á þar til gerð eyðublöð. Umsjónarkennari skráir allt ferlið frá tilkynningu þar til málinu hefur verið lokað, við hvern hann talaði og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að stöðva eineltið.

## 11 Stuðningsbraut

### 11.1 Hlutverk og markmið

- Að veita nemendum, sem ekki geta nýtt sér almennt námstilboð, nám og kennslu við hæfi. Þetta geta verið nemendur með slakan almennan þroska, alvarleg hegðunar- og tilfinningaleg vandamál og erfiðar félagslegar aðstæður.
- Að nemendur stuðningsbrautar séu í tengslum við bekkjarstarf í viðkomandi árgangi og taki eins virkan þátt í því starfi og mögulegt er, bæði námslega og félagslega.
- Að jafnaði skal miða að því að nám við stuðningsbrautina sé tímabundið skólaúrræði. Markmiðið er að gera nemendur í stakk búna til að takast á við nám í almennum bekkjum, með eða án stuðnings.
- Að skipuleggja og framkvæma, í samvinnu við kennara, sérkennslu nemenda í Flúðaskóla sem kljást við sértæk vandamál í einstökum greinum.
- Að safna upplýsingum um námsgengi nemenda í almennum bekkjum, t.d. með greiningum á einstökum nemendum og könnunum í bekkjum eftir beiðni kennara og foreldra. Ef sækja þarf um sérfræðipjónustu út fyrir skólann sér deildarstjóri stuðningsbrautar um að útbúa tilvísanir sem foreldrar skrifa undir.

- Að sjá um og safna upplýsingum um áætlaða sérkennsluþörf fyrir hvert skólaár og aðstoða kennara við að fylla út umsóknir um sérkennslu fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa.

Nemendur stuðningsbrautar geta fengið sérstaka aðstoð einstaklingsbundið eða fleiri saman, þeir geta einnig fengið stuðning inni í bekk, sem kennarar og/eða stuðningsfulltrúar sjá um. Deildarstjóri stuðningsbrautar starfar samkvæmt starfslýsingu og sérkennarar skólans sinna sérstaklega nemendum með lestrarerfiðleika. Nemendur eiga einnig kost á séraðstoð í verkgreinum.

Ef foreldra grunar að barnið þeirra þarfnist aukinnar aðstoðar í námi geta þeir haft samband við deildarstjóra stuðningsbrautar eða umsjónarkennara barnsins. Hægt er að óska eftir sérfræðiþjónustu frá Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, en hún sér um sérfræðiþjónustu á sviði sálfræðiráðgjafar, kennsluráðgjafar og talkennsluráðgjafar. Senda þarf tilvísanir til skólaþjónustunnar ef greina á vanda barnsins.

- Við fyllum sameiginlega út tilvísun, foreldrar og deildarstjóri stuðningsbrautar eða skólastjóri skrifa undir.
- Tilvísun er send til Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings með ósk um að sérfræðingar meti vanda barnsins.

Aldrei er haft samband við sérfræðinga nema foreldrar séu því samþykkir og skrifi undir tilvísanir til þeirra. Sérfræðingar skólaskrifstofu tala við foreldra áður en þeir fá börnin í fyrsta viðtal.

Þegar sérfræðingar hafa metið vanda barnsins, reynir starfsfólk skólans að veita barninu þann stuðning sem það þarfnast. Skólinn leitast við að veita öllum nemendum námstilboð við hæfi. Nemendum með miklar sérþarfir er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

## 11.2 Nemendur með sérþarfir

Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum námstilboð við hæfi. Nemendum með miklar sérþarfir er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskráa. Stjórn skólans leitast við að ráða fagfólk með sérþekkingu til skólans til að koma til móts við þessa nemendur.

Stefnt skal að því að kennsla þessara nemenda fari fram innan bekkjar en við skipulagningu á notkun skólahúsnæðis er reynt að sjá til þess að nemendahópur fái séraðstöðu þar sem fram fer kennsla og þjálfun sem ekki er aðstaða fyrir inni í almennum bekk.

Lögð er áhersla á að nemendur eigi kost á sem fjölbreyttustu framboði á námsgögnum. Fylgst er með nýjungum í kennslugögnum.

Mikilvægt er að eiga góða og árangursríka samvinnu við alla aðila sem tengjast þessum nemendahópi s.s. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og Greininga- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Skólinn leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra og eru samskipti tíð og fundir reglulegir.

### 11.3 Nýbúakennsla og tvítyngd börn

Nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa fasta búsetu á Íslandi eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Það sama á við um íslensk börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Reynt verður að útvega þeim börnum sem eiga annað foreldri af erlendu bergi brotið, kennslu í því tungumáli, annað hvort í skólanum eða með fjarkennslu (í stað dönskukennslu).

Að jafnaði er miðað við um tvær kennslustundir á viku. Skólastjóri skipuleggur kennsluna í samráði við kennara.

Markmið:

- Að nemendur af erlendum uppruna geti nýtt sér íslenskt skólakerfi til jafns við aðra.
- Að draga úr fordómum gagnvart útlendingum.
- Tryggja að nemendur fái sambærilega menntun og aðrir á meðan þeir eru að tileinka sér íslensku.
- Kenna nemendum íslensku.
- Nemandi fái kennslu í móðurmáli sínu.

Til þess að kennslan takist sem best verða allir að leggjast á eitt og starfa saman.

Lögð er áhersla á að nemendur fái aðstoð við að aðlagast nýjum háttum, siðum og skólakerfi. Reynt verður að styrkja sjálfsmynd nemenda, einnig er mikilvægt að byggja brú milli þeirra ólíku menningarheima sem nemandinn býr við.

Foreldrar geta stutt börnin sín mikið í námi þó svo þeir kunni ekki íslensku. Mjög mikilvægt er að foreldrar hlúi að og styrki móðurmál barnsins. Þeir þurfa að vita nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og til hvers er ætlað í heimanámi. Með því fá þeir hlutverk í heimi sem þeir eru annars útilokaðir frá.

## 12 Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Lögð er áhersla á að meta frammistöðu nemenda á víðum grunni með hliðsjón af markmiðum skólans. Lagt er mat á framfarir, dugnað og árangur nemanda miðað við hans eigin hæfileika og getu.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat; próf, kannanir, jafningamat, sjálfsmat, hópavinnu, verkefnavinnu og ástundun.

Kennari skráir námsframmistöðu og ástundun á Mentor. Aðstandendur og nemendur hafa aðgang að þessum upplýsingum.

Námsmat skiptist í leiðsagnarmat og lokamat. Símat, sjálfsmat og jafningjamat eru vinnubrögð í námsmati sem geta flokkast undir leiðsagnarmat eða lokamat eftir því hvernig unnið er úr því eftir á. Lokamat metur stöðuna eins og hún er í lok ákveðins tímabils eða vinnuferlis. Leiðsagnarmat byggir á markvissri endurgjöf, þar sem nemendum er leiðbeint um hvað þeir þurfa að gera betur til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Námsmat grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla og er birt á hæfnikorti nemenda á Mentor þar sem fylgjast má með framvindu náms nemenda. Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að sýna fram á hæfni sína eins og aðalnámskrá kveður á um.

Formlegt lokamat fer fram í 10. bekk, en fylgjast má með framvindu náms nemenda á hæfnikorti þeirra inni í Mentor.

Við lok 10. bekkjar eru nemendur metnir miðað við þau matsviðmið sem birt eru í Aðalnámskrá þar sem A hæfni, B hæfni og C hæfni hefur verið skilgreind í hverjum námsþætti.

Í einhverjum tilvikum t.d. í hraðlestrarprófum eru upplýsingarnar um mat settar fram á annan hátt og eru gefnar umsagnir þegar það á við.

### **12.1 Vitnisburður**

Foreldrar og nemendur geta fylgst með námsframvindu í Mentor. Þar koma fram námsáætlanir, verkefni og umsagnir ýmiskonar. Formlegur vitnisburður fer heim með nemendum í lok skólaárs.

### **12.2 Lokaeinkunn í 10. bekk**

Í aðalnámskránni eru sett fram matsviðmið við lok grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið. Matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Matskvarðinn er skilgreindur sem sex einkunnir: A, B+, B, C+, C og D. Lýsingar á matsviðmiðum standa á bak við einkunnirnar A, B og C. Matsviðmið fyrir B eru byggð á hæfniviðmiðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni. Einkunnina A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og einkunnina C fá þeir sem standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í B einkunnar viðmiðum. D einkunn lýsir hæfni í námi sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C einkunn og er gert ráð fyrir að skóli geri þar grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

### **12.2 Útskrift hraðferð**

Samkvæmt 32 gr. grunnskólalaga frá 2008, þá metur skólastjóri hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á því. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið.

Velji nemandi í unglingadeild að flýta útskrift úr grunnskóla um hálf tveggja eða eitt ár þarf að ákveða það með góðum fyrirvara.

Til þessa að til greina komi að nemandi útskrifist á undan bekkjarfélögum þarf viðkomandi að hafa sýnt fram á afburða námsgetu og félagslega hæfni til þess að teljast hæfur. Slík ákvörðun er ávallt sameiginleg ákvörðun skólustjóra, kennara, nemanda og foreldra viðkomandi nemanda. Nemendur sem óska eftir að ljúka grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið skulu að lágmarki hafa hlotið einkunnina A í greinum: ensku, stærðfræði og íslensku. Í öðrum bóklegum greinum skal einkunn vera að B.

Nemandi sem hyggur á útskrift um áramót úr 10. bekk þarf að ákveða það fyrir skólalok þegar viðkomandi er í 9. bekk. Nemandi sem hyggst klára grunnskóla við lok 9. bekkjar, þarf að ákveða það í janúar árið sem nemandi er í 8. bekk.

Nemendur geta lokið grunnskólaprófi í einstökum greinum og stunda þá fjarnám á framhaldsskólastigi í viðkomandi grein. Til þess að geta hafið fjarnám þarf nemandi að hafa hlotið í einkunnina A í viðkomandi grein í lokaáfangi grunnskóla.

### 12.3 Námsmat í lestri

Við námsmat í lestri er notaður Lesferill, sem er matstæki frá Menntamálastofnun. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Lesfimi hluti Lesferils er skráður fyrir 1.- 10. bekk. Einnig er notað lesskilningsprófið „Orðarún“ í 3. – 8. bekk. Lesskimun er lögð fyrir 1. bekk að hausti. Samkvæmt skólastefnu menntamálaráðherra í Aðalnámskrá grunnskóla er stefnt að því að öllum grunnskólabörnum verði í upphafi skólagöngu gefinn kostur á því að gangast undir lesskimun. Menntamálastofnun gaf út haustið 2016 staðlað lesskimunarpróf fyrir 1. bekk. Markmið þess er tvíþætt; annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir svo unnt sé að hefja fyrirbyggjandi aðgerðir sem fyrst. Hins vegar að veita kennurum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda svo hægt sé að haga kennslu þannig að lestur og lestrarþróun gangi sem best. Auk þess hefur skimunin þann tilgang að auka ábyrgð foreldra á lestrarnámi barna sinna. Í lesskimuninni eru skoðaðir sérstaklega þrjú þættir, það eru; málþroski, bókstafaþekking og hljóðkerfisvitund. Deildarstjóri stuðningsbrautar og umsjónarkennari leggja lesskimunina fyrir.

### 12.4 Matsferill

Matsferill er nýtt fyrirhugað námsmat fyrir grunnskóla landsins sem kemur í stað samræmdra könnunarprófa. Mennta- og barnamálaráðuneytið áformar að innleiða þetta nýja námsmat með það að markmiði að færa matið nær nemendum og kennurum sem verkfæri til umbóta, skólaþróunar og framfara. Ráðuneytið lítur á matsferil sem langtímaverkefni til stuðnings íslensku skólakerfi.

Unnið verður að gerð fyrstu verkfæra matsferils árin 2023 – 2024 og verða þau tilbúin til notkunar í janúar 2025

## 12.5 Verklegar greinar

Áhersla er lögð á að meta frammistöðu nemenda á víðum grunni með hliðsjón af markmiðum skólans. Lagt er mat á framfarir, dugnað og árangur nemanda miðað við hans eigin hæfileika og getu. Megintilgangur námsmatsins er að örva nemandann, aðstoða hann í námi og skipulagi og ekki síst hvetja til sjálfsmats. Námsmat í list- og verkgreinum fer fram með ýmsum hætti s.s. með gátlistum, sjálfsmati, símati, umsögnum, könnunum, huglægu mati og einkunnum.

## 12.6 Val og valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur þriggja efstu bekkjanna velja sér námsgreinar fjórar kennslustundir á viku. Valgreinar eru hluti af skyldunámi og má fella í þrjá meginflokka samkvæmt aðalnámskrá. Um er að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla, val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir starfsmenntun, list- eða tækninám, val um viðfangsefni sem víkka sjóndeildarhring nemenda og stuðla að lífsfyllingu. Haldinn er kynningarfundur þar sem valgreinarnar eru kynntar fyrir nemendum.

Auk þessara valtíma er Flúðaskóli þátttakandi að menntasmiðjum með nágrannaskólum sínum, Bláskógarskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla og Reykholtsskóla. Smiðjudagar eru haldnir fjórum sinnum yfir skólaárið þ.m.t. menningarferð til Reykjavíkur. Á þeim dögum sem kennt er í menntasmiðjum eru nemendur lengur í skólanum. Af þeim sökum er skólavikan styttr sem þeim stundum nemur. Með menntasmiðjum er hægt að auka námsframboð nemenda en auk þess er markmiðið að efla samstarf og kynni bæði nemenda og starfsmanna skólanna.

## 13 Samstarf

### 13.1 Samstarf heimila og skóla

Með samstarfi heimila og skóla er átt við samvinnu starfsmanna skóla og foreldra með það að markmiði að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila.

### 13.2 Heimasíða / Facebooksíða

Heimasíða skólans er upplýsingamiðill Flúðaskóla á netinu og þar má finna helstu upplýsingar um skólastarfið. Vefslóð heimasíðunnar er: [www.fludaskoli.is](http://www.fludaskoli.is)

Í Mentor hafa aðstandendur aðgang að nemendalista barns síns, heimavinnuáætlun, ástundun og fleiru. Foreldrar eru beðnir um að yfirfara upplýsingar um barnið og þá sjálfa ef einhverjar breytingar verða s.s. nýtt heimilisfang, símanúmer eða netfang. Flúðaskóli er einnig með Facebooksíðu þar sem reglulega eru birtar fréttir og viðburðir. Foreldrum og forráðamönnum er ráðlagt að líta reglulega inn á heimasíðuna og Facebooksíðuna til að fylgjast jafnan með nýjustu upplýsingum úr skólanum.

### 13.3 Skólanámskrá

Skólanámskrá er mikilvægur þáttur í upplýsingaflæði til heimila. Námskráin á að veita upplýsingar um skólastarf viðkomandi skóla í heild sinni. Að sama skapi geta forráðamenn nemenda fylgst með hvort skólinn mæti þeim kröfum sem lög og reglugerðir um skólahald setja þeim. Bekkjarhluta skólanámskrár er að finna á Mentor þar sem forráðamenn og nemendur hafa aðgang að þeim.

### 13.4 Viðtalstímar

Allir kennarar skólans eru með fasta viðtalstíma á stundaskrá. Viðtalstímar eru til að viðhalda samskiptum milli skóla og heimila. Einnig er góð leið að hafa samskipti gegnum tölvupóst. Báðir aðilar ættu að hafa frumkvæði að slíkum samskiptum. Alltaf er gott að fréttu af því sem vel er gert og nauðsynlegt að taka á því sem betur má fara. Flúðaskóli auglýsir á skóladagatali tvo foreldradaga á skólaárinu. Ætlast er til að nemandi mæti ásamt forráðamanni.

### 13.5 Haustkyningarfundur

Að hausti ár hvert býður Flúðaskóli forráðamönnum til kynningarfunda á skólastarfi vetrarins. Um er að ræða fundi þar sem fram fer almenn kynning á áherslum vetrarins, námsefni kynnt og foreldrafulltrúar kosnir.

### 13.6 Foreldrafulltrúar

Foreldrafulltrúar eru kosnir að hausti, tveir í hverjum bekk en tveir til þrjár í áttunda til tíunda bekk. Hlutverk þeirra er einkum að hafa yfirumsjón með foreldrasamstarfi í bekknum, skipuleggja og fylgjast með því að fyrirfram ákveðin verkefni séu framkvæmd, t.d. bekkjarkvöld og vettvangsferðir. Fulltrúarnir eru einnig tengiliðir foreldra bekkjarins við Foreldrafélagið.

### 13.7 Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er haldið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk. Meginhlutverk námskeiðsins að bjóða forráðamenn velkomna við upphaf skólagöngu barna sinna og leggja þannig grunn að tíu ára samvinnu, sem vonandi byggist á gagnkvæmu trausti, þekkingu og skilningi á hlutverki allra þátttakenda skólasamfélagsins. Umsjónarkennari, skólastjóri, kennsluráðgjafi frá Skóla- og velferðarþjónusta Árneshlíða og skólahjúkrunarfræðingur sjá um námskeiðið.

### 13.8 Skólanefnd

Skólanefnd starfar í umboði sveitarstjórnar. Nefndin fer með málefni grunnskóla og leikskóla samkvæmt lögum og reglugerðum og sveitarstjórnarlögum. Sveitarstjórn getur auk þess falið nefndinni önnur verkefni á sviði skólamála.

### 13.9 Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem ber ábyrgð á stofnun ráðsins. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. A.m.k. einu sinni á ári skal vera sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs.

### 13.10 Foreldrafélag

Við Flúðaskóla er starfandi foreldrafélag sem starfar skv. eigin lögum. Félagið hefur, m.a. þau markmið að auka samvinnu milli heimila og skóla og veita skólanum lið og styðja hann til að ná markmiðum sínum. Félagið stendur fyrir fyrirlestrum um uppeldisfræðileg málefni og heldur árlega öskudagsskemmtun. Foreldrafélagið er vettvangur til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvaðeina sem varðar uppeldi þeirra og menntun.

Lög Foreldrafélags Flúðaskóla má nálgast á heimasíðu Flúðaskóla.

### 13.11 Samstarf við nágrannaskólana

Lögð er áhersla á gott samstarf við nágrannaskólana. Fastmótað samstarf er við leikskólann Undraland og Þjórsárskóla. Ennfremur hefur verið gott samstarf við aðra skóla í sambandi við félagslíf unglinga og einnig er samstarf varðandi menntasmiðjur á unglingastigi við Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla og Reykholtsskóla. Nemendur Flúðaskóla geta stundað fjarnám í einstökum greinum við framhaldsskóla hafi þeir lokið skyldunámi í viðkomandi grein.

### 13.12 Samstarf við aðila utan skólans

Mikilvægt er að hafa gott samstarf við hinar ýmsu stofnanir og aðila sem snerta skólastarfið með einum eða öðrum hætti.

### 13.13 Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings

Flúðaskóli er í samstarfi við Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings um sérfræðiþjónustu. „Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við grunnskóla og starfsfólk þeirra“ (Grunnskólalögin 2008, 9. kafli, 40. grein)

Hægt er að óska eftir þjónustu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings en hún sér um sérfræðiþjónustu á sviði sálfræðiráðgjafar, kennsluráðgjafar og talkennsluráðgjafar. Nánari upplýsingar um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings má finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.arnesthing.is/skolathjonusta>



### **13.14 Námsráðgjafi**

Náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda og beinist aðstoð hans að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. Auk þess að aðstoða nemendur við ígrundað val á námi og starfi að loknum grunnskóla. Í Flúðaskóla sinnir námsráðgjafi persónulegri ráðgjöf við nemendur skólans og er jafnframt áhersla lögð á náms- og starfsfræðslu við nemendur á elsta stigi skólans.

## **14 Jafnréttisáætlun Flúðaskóla 2021 – 2024**

Jafnréttisáætlun Flúðaskóla byggir á lögum, nr. 10 frá 2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 23. grein laganna er kveðið á um menntun og skólastarf og er horft til þeirra þátta í jafnréttisáætlun skólans. Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál til að búa alla nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi, óháð kyni. Stefna Flúðaskóla er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynja og að hver einstaklingur, nemandi og starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós. Jafnréttisáætlunina má nálgast á heimasíðu skólans.